

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1964

11. ágúst.

323

Nr. 192.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Heimilissjóð Hjúkrunarfélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1964.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heimilissjóð Hjúkrunarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heimilissjóður Hjúkrunarfélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hann er stofnaður af frú Önnu Ólafsdóttur Johnsen, þáverandi yfirhjúkrunarkonu Vífilsstaðahælis, 19. nóv. 1944.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp heimili fyrir Hjúkrunarfélag Íslands, þar sem það geti haft starfsemi sína og skrifstofu, og jafnframt verið heimili fyrir nokkrar hjúkrunarkonur.

3. gr.

Stofnandi lagði í upphafi fram kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — og síðan hefur ágóða af bazörum, kaffisölu o. fl., sem félagið hefur gengið fyrir, svo og sala minningarspjalda og happdrættis, runnið í sjóðinn og enn fremur dánargjafir. Nú á sjóðurinn íbúðarhæð í húsinu Blönduhlíð 33 í Reykjavík, og renna leigutekjur af henni í sjóðinn, en ætlunin er að selja hæðina, og verja andvirði hennar ásamt öðrum eignum sjóðsins og tekjum til byggingar eða kaupa á áðurnefndu heimili. — Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins afli sjóðnum framvegis tekna á líkan hátt og verið hefur.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er nú kr. 850000.00, og má ekki nota það til annars en ofangreindra kaupa eða öflunar ofangreinds félagsheimilis, og síðan til viðhalds þess. — Stjórnin skal sjá um að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

5. gr.

Stjórn Heimilissjóðs Hjúkrunarfélags Íslands skipa 5 félagskonur í Hjúkrunarfélagi Íslands, og skal stofnandi sjóðsins jafnan vera sjálfkjörinn stjórnarformaður, svo lengi sem hún óskar. Stjórnin skal kosin á aðalfundi Hjúkrunarfélags Íslands til eins árs í senn. Stjórnin annast öll málefni sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans lagðir fram endurskoðaðir á hverjum aðalfundi Hjúkrunarfélags Íslands. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga Hjúkrunarfélags Íslands.

B 42

7. gr.

Verði Hjúkrunarfélag Íslands lagt niður, þá skal sjóðurinn starfa áfram sem sérstæð stofnun.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á aðalfundi Hjúkrunarfélags Íslands með samþykki $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða, enda hafi breytingarnar verið bornar fram og ræddar á næsta aðalfundi á undan og þeirra að sjálfsögðu getið í fundarboði.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 10. febrúar 1964.

Kristín Gunnarsdóttir.

Anna Loftsdóttir.

Ingibjörg Ólafsdóttir.

María Finnsdóttir.

María Guðmundsdóttir.

Jóhanna Þórarinsdóttir.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Auðkúluhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Auðkúluhreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Steinunnar og Þórðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Steinunnar og Þórðar og er stofnaður til minningar um hjónin Steinunni Ólafsdóttur, f. 12. júní 1880, hjúkrunarkonu, og Þórð Jónsson, f. 24. ágúst 1885, yfirtollvarðstjóra, síðast til heimilis við Nordre-Frihavngade 31 í Kaupmannahöfn. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 20000.00.